

Lagafrumvarp um Velferð dýra (bann við blóðmerahaldi). 15. mál 152.
löggjafarþings, 2021-2022: Umsögn

UMSÖGN NR. 8:

Góðan dag, ágætu nefndarmenn,

Ég/við vorum búin að senda ykkur 7 umsagnir, sem eru í vinnslu hjá starfsmönnum Alþingis, og hér kemur sú 8. og síðasta í þessu máli.

Við höfum lagt áherzlu á virðingu við dýrin, vörn þeirra og velferð, enda geta þau ekki talað fyrir sig sjálf, né sótt rétt sinn sjálf. Þau eru ofurseld vilja, ákvörðunum, hagsmunum og gerðum manna. Við viljum að fleira ráði, en hagsmunir manna. Virðing og mannúð við dýrin, siðferði gagnvart dýrum og lífríki, sem er okkur samboðið, sem menningarþjóð, verður líka að koma inn í skoðun og afgreiðslu málsins af fullum þunga.

Margir bændur eru uppaldir við það og lifa og hrærast í því, að „framleiða“ dýr í þennan heim til að selja þau svo í slátrun og kjötframleiðslu. Sumir þeirra gera þetta allt sjálfir. Fyrir þeim eru þessi dýr nær því að vera „hlutur“ en „lifandi vera, spendýr, með skynjun eins og við“.

Það er sjálfgefið, að tilfinning þessara manna, samúð þeirra og afstaða til dýranna, hefur slævast og minnkað. Er eflaust orðin sáralítil eða engin hjá sumum eða mörgum. Ekki það, að þessir bændur séu verri menn, en við hin, heldur hefur þeirra líf og starfsumhverfi mótað þá og breytt þeim.

Þessir bændur, sem líka eru í blóðmerahaldi, upplifa því sitt hald og sína meðferð á dýrunum öðruvísi, en við. Okkar mat er, að það siðferði gagnvart dýrum, sem við viljum kenna okkur við, verði að liggja ofar hugmyndum, afstöðu og siðferðismati blóðmerabænda.

Auðvitað verður samt líka að hugsa til hagsmuna blóðmerabænda, í þessari umfjöllun og afgreiðslu. Í Danmörku var minkahald stöðvað með aflífun allra minka þar. Reyndar var þetta í samræmi við þá þróun um alla Evrópu, að stöðva og banna minkahald, vegna þess hrikalega dýraníðs, sem það er, þó að COVID hafi orðið til þess, að danska ríkisstjórnin tók af skarið.

Það er samt ekki málið hér, heldur það, að danska ríkið ákvað bætur til handa minkabændum, sem aðilar sættu sig við. Tillaga okkar er, að eins verði farið í málin hér. Blóðmerabændum verði ákveðnar hóflegar en sanngjarnar bætur fyrir að hætta blóðmerahaldi.

Það munu vera um 6.700 lögbýli á Íslandi, og virðist um helmingur þeirra vera eyðibýli; aðeins virðist búið á helmingi þeirra. Blóðmerabændur munu vera um 120, af um 2.300 bændum, sem halda hross. Hlutfall blóðmerabænda er því sára lítið, eða um 5% af hrossabændum.

95% hrossabænda finna sér því lífsviðurværi, án þess að stunda blóðmerahald, enda hefur það komið fram, að margir þessara hrossabænda hafa skömm á blóðmerahaldi starfsbræðra sinna.

Punkturinn er: Blóðmerabændur ættu að geta fyllt þá eyðu í tekjum sínum, sem bann við blóðmerahaldi hefur í för með sér, með öðrum tekjustofnum, einkum, ef þeir fá nokkuð ráðrými til þess. Þetta ráðrými þarf að veita, að okkar mati. Ef ekki, og þeir fara þá í önnur störf, breytir það litlu um byggð landsins.

Auðvitað verða nefndarmenn og aðrir Alþingismenn, að sinna sínum skyldum og vinna sín störf eftir eigin dómgreind og sannfæringu. Þeir verða þó líka að taka nokkuð mið af og taka til greina skoðanir og vilja umbjóðenda sinna, kjósenda.

Nýlega stóð Fréttablaðið fyrir skoðanakönnun á því, hver afstaða Íslendinga til blóðmerahalds væri. Fyrirsögn á frétt um niðurstöðu var: „Mikill meirihluti þjóðarinnar andvígur blóðmerahaldi“.

66% Íslendinga reyndust vera andvíg blóðmerahaldi, 19% tóku ekki afstöðu, en þeir sem voru hlyntir, voru aðeins 15%. Ef þeir eru teknir út úr þessu dæmi, sem voru hlutlausir, voru 81.5% á móti blóðmerahaldi og 18.5% með.

Við sjáum ástæðu til að minna á þessa skoðanakönnun og niðurstöðu hennar hér og nú.

Í einni umsögn, sem kom um frumvarpið frá blóðmerabónda, minnir hann á, að land skuli með lögum byggja. **Við erum sammála því, en höfnum því, að land skuli með dýraniði byggja!**

Við áréttum þá skoðun og þá áskorun á Alþingismenn, að þeir samþykki bann við blóðmerahaldi, með skírskotun til okkar 8 umsagna.

Lifið heil, góðir nefndarmenn!

Ole Anton

JARÐARVINIR – FRIENDS OF EARTH

Félagasamtök um dýra-, náttúru- og umhverfisvernd

Association for Protection of Animals, Nature and Environment

Ole Anton Bieltvedt, stofnandi og formaður/Founder and President